

Aðalfundur 2024

~ Haldinn þann 9. apríl ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Formaður og einn meðstjórnandi
- **Tilnefning skoðunarmanns reikninga**
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**
 - Orðið er laust

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn Virkjun, Ásbrú þann 15. maí og voru 13 félagsmenn mættir. Rekstur á árinu 2022 var jákvæður um 189.133 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, engin framboð bárust í embætti gjaldkera, vallarstjóra og meðstjórnanda svo Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri, Ágúst vallarstjóri og Gunnar meðstjórnandi buðust til að halda áfram sem var samþykkt.

Sverrir hélt Iceland Open F3F í annað skipti og fékk góða aðstoð frá nokkrum félagsmönnum við undirbúning og mótahald, flogið var í Helgafelli í Mosfellssveit og mættu 15 erlendir keppendur, tveir frá Taívan, einn frá Japan en aðrir frá Evrópu.

Flotflugkoman var á sínum stað en einnig voru haldin mánaðarleg flotflugkvöld sem mæltust vel fyrir hjá félagsmönnum og öðrum flugmóðelmönnum og voru þau vel sótt. Nokkrir félagsmenn skelltu sér saman norður á land á árlega flugkomu Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismelum og var mikið flogið í finu veðri.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á fjöldamargar aðrar samkomur sem haldnar voru vítt og breytt um landið.

Arnarvöllurinn var vel nýttur á árinu en 167 dagar voru skráðir á flugmóðelspjallinu og svo eru nokkrir óskráðir þannig að lauslega má áætla að um 180 dag á árinu hafi verið einhver hreyfing í loftinu. Það er um 49% nýting á flugvellinum ef eingöngu er horft til flugsins, svo bætist ofan á þetta ef horft er til bíladeildarinnar. Einn félagsmaður bættist í hópinn á árinu.

Bíladeildin var líka á fullu, mikið var gert í brautarmálum og stækkun hafin á bílastæðinu sem klárast í vor. Reglulegir hittingar voru nánast alla sunnudaga frá vori að hausti, eða eins og veður leyfði. Ein keppni var haldin og var meðþátttaka og gríðarleg ánægja með hana hjá öllum. Níu félagsmenn bættust í hópinn á árinu hjá bíladeildinni.

Bíladeildin festi kaup á rafstöð á árinu til að auðvelda allan rekstur fyrir tæknibúnaðinn í kringum tímatökur og annan nauðsynlegan búnað.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2023**

	2023	2022
Félagsgjöld	641.500 kr.	542.500 kr.
Innherjar		
Styrkir		
Vextir	23.059 kr.	3.502 kr.
Vallarviðhald	239.591 kr.	166.812 kr.
Tækjakaup	70.000 kr.	
Veitingar	48.558 kr.	66.723 kr.
Vefmyndavélar	43.448 kr.	34.320 kr.
Tryggingar	41.000 kr.	55.832 kr.
Bensín, gas, olía	23.876 kr.	28.746 kr.
Bankakostnaður	6.708 kr.	3.666 kr.
Fjármagnstekjuskattur	5.073 kr.	770 kr.
Samtals á árinu	<u>186.305 kr.</u>	<u>189.133 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	495.831 kr.	306.698 kr.
Samtals eign í árslok	<u>682.136 kr.</u>	<u>495.831 kr.</u>

Reikningar yfirfarðir og samþukktir

5. apríl 2024

Eignir	Verð
Sparireikningur	788.505
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Áburðardreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð ný	70.000
Rafstöð	25.000
Samtals	2.213.505

Flugbrautir og vallarsvæði *	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.838.505
-----------------------	-------------------

* Miðað við verðlag 2006

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 1.470.641 kr en 788.505 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi. Daglegur rekstur var því jákvæður um 186.305 kr sem er lítilsháttar lækkun frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Stjórn félagsins leggur til hækkun félagsgjalda á árinu 2024 eða 7.500 kr fyrir yngri en 18 ára og 15.000 kr fyrir almenna félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu upp úr miðjum apríl. Þeir sem vilja millifæra fyrir félagsgjöldunum og spara þannig bankakostnaðinn eru vinsamlegast beðnir um að gera ráðstafanir í samráði við gjaldkera fyrir þann tíma.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og einn meðstjórnanda.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er laust.

Minnisblað